



Fundargerð

Tilv. 1701020/1.7

Fundur: Grisjunarráð 3/2017
Dagsetning og tími: 8. mars 2017, kl. 12
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs frá 16. febrúar 2017.
2. Grisjunarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31. maí 2016 - samrit ökuskírteina, afrit og bráðabirgðaakstursheimild, afrit (málsnr. 1606002).
3. Grisjunarbeiðni Sjúkratrygginga Íslands dags. 15. júní 2016 - reikningar og fylgiskjöl frá innlendum veitendum heilbrigðisþjónustu til ósjúkratryggðra EES borgara (málsnr. 1605004).
4. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 9. febrúar 2017 – vinnugögn vegna rannsókna (stöðluð eyðublöð um stöðu einstakra rannsóknarverkefna) (málsnr. 1701078).
5. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 15. febrúar 2017 – afrit húsateikninga (málsnr. 1702029).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs frá 16. febrúar 2017.

Fundargerð grisjunarráðs frá 16. febrúar 2017 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31. maí 2016 - samrit ökuskírteina, afrit og bráðabirgðaakstursheimild, afrit (málsnr. 1606002).

Beiðnin var samþykkt. Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu er heimilt að eyða umbeðnum samritum ökuskírteina, afrit og bráðabirgðaakstursheimild, afrit sem ná yfir tímabilið 1998–2001 þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu hlutverki þeirra er lokið með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll skjöl sem mynduðust á árinu 2000. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin hafa tímabundið gildi og um afrit er að ræða. Sýnishornataka til að varðveita heimildir um verkefni embættisins.



3. Grisjunarbeiðni Sjúkratrygginga Íslands dags. 15. júní 2016 – reikningar og fylgiskjöl frá innlendum veitendum heilbrigðisþjónustu til ósjúkratryggðra EES borgara (málsnr. 1605004).

Beiðnin var samþykkt. Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að eyða umbeðnum reikningum og fylgiskjölum frá innlendum veitendum heilbrigðisþjónustu til ósjúkratryggðra EES borgara sem nær yfir árið 2008 sjö árum eftir að reikningsári lýkur. Forsenda ákvörðunarinnar er að líta ber á skjölin sem fylgiskjöl bókahalds og hafa því tímabundið gildi.

4. Grisjunarbeiðni Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri dags. 9. febrúar 2017 – vinnugögn vegna rannsókna (stöðluð eyðublöð um stöðu einstakra rannsóknarverkefna) (málsnr. 1701078).

Beiðninni var hafnað. Skjölin eru þess eðlis að þau ber að varðveita í málafni stofnunarinnar.

5. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 15. febrúar 2017 – afrit húsateikninga (málsnr. 1702029).

Beiðninni var hafnað. Þjóðskrá Íslands getur sótt um heimild til grisjunar að nýju þegar rafrænt gagnakerfi, sem innheldur sömu upplýsingar, hefur verið tilkynnt og samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands. Rétt er að benda á að óheimilt er að grisja skjöl frá árinu 1960 og fyrir.

Fundi slitið kl. 13:07

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)